



Fréttir úr Skólamötuneytinu

Skólamötuneytið framleiðir nú skólamáltíðir fyrir öll skólabörn í sveitarfélaginu nema nemendur Brúarásskóla, en þar er mötuneyti sem hefur starfað jafnlengi og skólinn og matarfélag foreldra með ríka sögu. Með þeirri breytingu sem varð á skipulagi skólastarfs í haust, þegar Hallormsstaðaskóli var gerður að deild í Egilsstaðaskóla var jafnframt ákveðið að þeir nemendur sem stunda sitt nám í Hallormsstaðaskóla fái mat sem framleitt er í Skólamötuneytinu.

Eins og flest ykkar þekkið til hefur mataróþol og alvarlegt matarónæmi meðal nemenda skólanna aukist mjög á síðustu árum. Eins og sagt hefur verið frá áður er einn nemandi í Egilsstaðaskóla með svo alvarlegt ofnæmi að hún getur alls ekki verið í skólahúsnæðinu þegar eldaður er fiskur eða bakað. Stúlkan greindist þegar 6 mánaða gömul með svo mikið ofnæmi að einstakt verður að teljast. Við höfum fengið reglulegar fréttir af mati foreldra og læknis á þróun sjúkdómsins og í haust var staðan þessi:

Enn mælist mjög mikið ofnæmi fyrir mjög mörgu og enn eru flest ofnæmisgildi yfir 100, þetta á t.d. við um hveiti, egg, mjólk og fisk, frjókorn, hunda, hesta og ketti. Ennfremur eru margir aðrir þættir sem geta haft áhrif á líðan hennar, má þar nefna hitabreytingar og andlega þætti eins og stress. Þegar ofnæmi mælist meira en hundrað er það í raun ómælanlegt og við höfum ekki fengið upplýsingar um hærri gildi en það.

Ofnæmissjúkdómurinn hennar er þannig að IgE í blóðinu er að valda henni óþægindum og er ástæða þess að hún hefur svona mikið ofnæmi og exem. IgE náði hámarki hjá henni árið 2010 og var þá 10.000 en í eðlilegu fóki er það á bilin 0-50. Núna er IgE orðið 1.400 og mikil breyting hefur orðið á líðan hennar frá því þá. Niðurstöður sýna sem sagt að þetta er á réttri leið en ofnæmið er enn mjög mikið.

Þetta háa IgE gildi veldur jafnframt því að ofnæmisviðbrögð verða meiri en hjá „venjulegum“ ofnæmissjúklingum. Hennar ofnæmisviðbrögð brjótast út í exemi og mjög miklum kláða, hún verður þreytt og sljó, og þessu fylgir mikil vanlíðan. Hún hefur alla tíð þurft að vera í mjög vernduðu umhverfi, bæði í leikskóla og heima fyrir og þetta hefur mikil áhrif á allt daglegt líf hennar.

Það er ekki mikið mál að stjórna því sem hún borðar en erfitt getur reynst að stjórna utanaðkomandi áhrifum eins og t.d. þegar verið er að elda fisk eða baka úr hveiti, nóg er að finna fiskilykt til að ofnæmisseinkenni komi fram. Þessi viðbrögð geta verið mjög mikil og varað lengi og jafnvel verið að koma fram mörgum tímum eftir að hún verður fyrir áreiti.

Efhægt er að útiloka ofnæmisvaka til lengri tíma eru meiri líkur á að hennar sjúkdómur minnki eða jafnvel hverfi. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að útiloka eins mikið og mögulegt er, áreiti frá ofnæmisvökum.

Fjölmargt hefur verið gert til að leysa mál þannig að hægt væri að bjóða upp á a.m.k. eina fiskmáltíð á viku í skólunum. Fyrstu 3 ár skólagöngu stúlkunnar var námshópi hennar kennt í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Nýungar einn dag í viku en aðstæður þar fullnægja engan veginn þeim kröfum sem gera þarf til skólahúsnæðis fyrir kennslu á miðstigi. Reynt hefur verið til þrautar að tryggja aðstöðu í skólahúsnæðinu þannig að ofnæmisvakar berist ekki um húsnæðið þegar verið er að matreiða en án árangurs. Breytingar hafa verið gerðar á loftræstikerfi og ýmsar lokanir í húsnæðinu reyndar en hvorugt hefur reynst leysa mál þannig að ásættanlegt sé fyrir líðan nemandans. Gerðar hafa verið breytingar á staðsetningu námshópa í Egilsstaðaskóla en það nægði heldur ekki til að leysa málið. Reynt hefur verið að finna semja um framleiðslu fiskmáltíða í öðrum framleiðslueldhúsum á svæðinu, t.d. Menntaskólanum en þrátt fyrir góðan vilja samningsaðila reyndist það því miður ekki mögulegt. Ekkert annað eldhús í stofnunum sveitarfélagsins er þannig búið að það hafi leyfi eða aðstöðu til að framleiða máltíðir sem afgreiddar eru til annarra stofnana, þannig er t.d. ekki mögulegt að framleiða máltíðir í einu leikskólaeldhúsi fyrir leikskólana.

Í ljósi þessa verður að óbreyttu áfram byggt á sameiginlegri niðurstöðu fundar með fulltrúum skólanna á síðasta skólaári þar sem ákveðið var að alla jafna verði ekki boðið upp á fiskmáltíðir á starfstíma grunnskólans, þó verður fiskur þegar vitað er með fyrirvara að nemandinn er ekki í skólanum.